

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Patreksfjörður og Tálknafjörður



Dags eftirlits	5.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Nikoals Tzamouranis	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávík komu fram í eftirlitinu er varða skil á grænu bókhaldi og ársyfirliti. Tvær ábendingar voru gerðar er varða tilkynningu til Umhverfisstofnunar þegar bilanir eða óhöpp verða sem valdið gætu mengun og ábending er varðar tilkynningu um útsetningu seiða en í gr. 3.2 um hvíldartíma í starfsleyfi kemur fram að rekstraraðili þarf að tilkynna Umhverfisstofnun um hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfið tekur til sjókvíaldis þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 12.200 tonn og nær það til tveggja sjókvíaldissvæða, Patreksfirði sem samanstendur af eldissvæðunum Eyri, Sandodda og Vatneyri og Tálknafirði þar sem er eldissvæðið Laugardalur. Starfsleyfið gildir til 28. ágúst 2035.

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Mengaður jarðvegur – kynning
- Ný gjaldskrá – kynning
- Breyting á boðum eftirlits

Eitt frávík kom fram í eftirlit 2022 sem snýr að upplýsingaskyldu rekstraraðila, samskipti hafa verið bætt og er frávíkinu því lokið.

Seiði voru sett út í kvíar í Laugardal frá júlí til október 2022, sem og frá júní til júlí 2023. Fiskur var í kvíum þegar eftirlitið fór fram. Í kvíum í Eyri var fiskur í kvíum allt árið 2022 en lokið var við slátrun í mars 2023, engin fiskur var í kvíum þegar eftirlitið fór fram. Enginn fiskur var í kvíum á öðrum svæðum.

Heildarframleiðsla ársins 2022 var 3.326.144 kg, heildarlífmassi á hverjum tíma var innan leyfilegra marka starfsleyfi. Losun fosfórs var 8,6 kg P/tonn en hámarkslosun var innan leyfilegrar losununar starfsleyfis sem er 9,0 kg P/tonn á ári.

Skráningar skv. gr. 4.1 í starfsleyfi voru í lagi. 31,5 tonn af Slice fóðri fyrir aflúsun var notað og 37,7 lítrar af lúsalyfinu Alphamax.

Tryggingar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru fullnægjandi og uppfærðar.

Skv. mælingum sem gerðar voru við hámarkslífmassa í nóvember 2022 á Eyri í Patreksfirði var styrkur kopars á stöð C1 144 mg/kg þurrvikt sem er rúmlega helmingi hærra en efri mörk náttúrulegra gilda. Skv. gr. 3.4 um efnalosun í starfsleyfi kemur fram að ef vöktunarmælingar bendi til þess að kopar safnist upp á eldissvæði er Umhverfisstofnun heimilt að endurskoða heimildina fyrir notkun ásætuvarna. Tekið skal mið af umhverfismörkum II vegna kopars í sjávarseti í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns við þá endurskoðun.

Farið var í skoðunarferð í kvíar og pramma í Tálknfirði. Engar ábendingar eru settar fram vegna kvíanna, ekki var óeðlilega mikið af fugli við kvíarnar. Um borð í pramma voru efni geymd í lekabyttum og meltugeymir vel merktur.

Dauðfiskur er settur í meltu um borð í prömmunum sem er svo flutt til Hordafur í Noregi. Góð skráning er á kvörtunum, bilunum og óhöppum sem verða hjá rekstraraðila. Ekki hafa kvartanir borist Umhverfisstofnun vegna starfsemi rekstraraðila í tengslum við starfsleyfið.

Þjálfunarkerfi er til staðar vegna þjálfunar starfsfólks og skráningar í lagi. Upplýsingar um notkun lyfja er skráð í fishtalk. Útstreymisbókhald barst 28. apríl sl.

Kynning á nýrri gjaldskrá, söfnun gagna vegna mengaðs jarðvegs og breytingu á boðun eftirlits fór fram.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.2 í starfsleyfi.	Ársyfirliti skal skila fyrir fyrsta 1. maí ár hvert. Ársyfirliti hefur ekki verið skilað og er frávikið því opið.
Gr. 4.3 í starfsleyfi.	Grænu bókhaldi með fullnægjandi undirritun var ekki skilað fyrir 1. maí sl. Grænu bókhaldi var skilað 10. nóvember sl. og er frávikinu því lokað.

ÁBENDINGAR

Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar þegar bilanir eða óhöpp verða sem valdið gætu mengun.

Í gr. 3.2 um hvíldartíma í starfsleyfi kemur fram að rekstraraðili þarf að tilkynna Umhverfisstofnun um hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna. Umhverfisstofnun getur einhliða frestað útsetningu seiða eftir hvíld, bendi niðurstöður til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði, að mati Umhverfisstofnunar.

ANNAÐ

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.12.2023

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir

